

Þriðjudaginn 17. janúar 1989.

Nr. 422/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Sigurði Jóhannessyni

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember sl., sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Kópavogs 3. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Varnaraðili krafðist þess að hin kærða dómsátt yrði staðfest. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti með bréfi héraðsdómara 11. þ.m.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Kópavogs 13. desember sl. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna ölvunar við bifreiðarstjórn, jafnframt að hann skyldi sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Með dómi Hæstaréttar 13. júní 1985 var varnaraðili m.a. dæmdur vegna ölvunar við bifreiðarstjórn og staðfestur dómur héraðsdóms um að varnaraðili skyldi sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Brot varnaraðila er því ítrekað. Lágmarkssvipting ökuleyfis fyrir ítrekað brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga er samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga þrjú ár. Var því ekki heimilt að ljúka málinu með dómsátt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 eins og gert var í sakadómi Kópavogs. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Kópavogs 13. desember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 13. desember var sakadómur Kópavogs settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Þorgerði Erlendsdóttur fulltrúa.

Fyrir var tekið: Kærumál nr. 1921/88. Rannsókn varðandi ætlað umferðarlagabrot.

Dómari leggur fram: nr. 1 lögregluskýrslu, nr. 2 blóðtökuvottorð, nr. 3 niðurstöðu alkóhólrannsóknar, nr. 4 sakavottorð, nr. 5 yfirlit yfir sakarkostnað og nr. 6 bréf. Skjölin fylgja.

Fyrir dómi er mættur kærði: Guðmundur Sigurður Jóhannesson, heimili: Furugrund 18, Kópavogi, fæðingardagur: 070958-2529.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 19. september 1988.

Hann samþykkir að greiða kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Sektin greiðist fyrir 1. mars 1989, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málkostnaður kr. 2.220,00 greiðist fyrir sama tíma.

Kærði samþykkir sviptingu ökuleyfis í 1 ár frá deginum í dag að telja, sem ákveðin er með vísun 102. gr. umferðarlaga. Kærði afhendir ökuskírteini sitt.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Upplesið, játað rétt bókað: G. Sigurður Jóhannesson (sign)
